

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. mars 2020
Tilvísun: OS2019010101/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netlaga við Brekkuboða í Hvalfirði

Björgun ehf. hefur sótt um heimild til nýtingar lausra jarðefna af hafsbotni utan netlaga í svonefndri Brekkuboðanámu í Hvalfirði, með vísan til 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990 (hafsbotnslög). Þann 29. júlí 2009 veitti Orkustofnun fyrirtækinu leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell. Þann 30. september 2019 framlengdi Orkustofnun gildistíma leyfisins til 29. júlí 2020.

Upphaflega barst umsóknin til Orkustofnunar þann 16. janúar 2019 en í ljósi athugasemda stofnunarinnar sendi Björgun ehf. breytingar á fyrri umsókn þann 24. júní 2019. Orkustofnun kom á framfæri frekari ábendingum með bréfi dags. 10. mars 2020. Í ljósi samskipta Orkustofnunar og Björgunar ehf. barst stofnuninni endurskoðuð umsókn með bréfi dags. 16. mars 2020.

Í umsókninni er vísað til þess að Björgun ehf. hafi unnið efni úr námummi frá 1991. Á tímabilinu frá 2009 til október 2018 hafi efnistaka úr Brekkuboðanámu numið alls um 81.600 m³ af þeim 1.000.000 m³ sem leyfið frá 2009 kveður á um. Er nú óskað eftir heimild til töku á allt að 918.000 m³ af efni úr Brekkuboðanámu á sama svæði og núverandi leyfi kveður á um, og nánar er tilgreint í umsókninni og sýnt á kortum sem fylgja með henni. Óskað er eftir því að leyfið gildi til allt að 30 ára frá útgáfudegi með vísan til 1. mgr. 4. gr. hafsbotnslaga.

Samhliða þessari umsókn bárust Orkustofnun umsóknir um efnistöku við Hrafneyri, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði. Um er að ræða sjálfstæðar umsóknir vegna hvers svæðis innan sömu framkvæmdar, í samræmi við tilmæli Orkustofnunar, en stofnunin hefur unnið samtímis að stjórnsýslulegri umfjöllun um svæðin þar sem efni umsóknanna er nátengt og með það í huga að gefa umsagnaraðilum færi á að veita heildstæðar umsagnir um svæðin eftir því sem við á og ef þeir telja þörf á.

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Björgunar ehf. um efnistöku við Brekkuboða og telur hana uppfylla nauðsynlegar kröfur þar að lútandi. Enda þótt Reykjavíkurborg sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að gefa sveitarfélaginu kost á að veita umsögn um meðfylgjandi erindi. Óskað er eftir því að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en fimmtudaginn 23. apríl 2020. Berist umsögn ekki innan tilskilins frests lítur stofnunin svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri




Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Meðfylgjandi:

- Umsókn dags. 16. mars 2020 ásamt fylgiskjölum
- Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði við Brekkuboða, Laufagrúnn og Kiðafell, dags. 29. júlí 2009, ásamt fylgiskjölum


Orkustofnun vísar til eftirtalinna gagna sem eru aðgengileg á netinu en fylgja ekki með erindinu vegna umfangs:

- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Hvalfirði dags. 25. febrúar 2009
<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/616/2008070027.pdf>
- Matsskýrsla vegna efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði
<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/617/Efnistaka%20%C3%BAr%20Hvalfir%C3%B0i.pdf>



	X	Y
A	359370,9	422820,4
B	359730,3	422806,9
C	360048,4	422724,5
D	360026,7	422572,6
E	359680,8	422303,7
F	359362,9	422295,4

- Núverandi leyfi
- Ósk um endurnýjun leyfis
- Námusvæði skv. umhverfismati
- Dýptarlínur



Heimildir: IS50v, Samsýn. LHG, 2018
 Hnitakerfi: ISN93
 Verknúmer: 7.120.327
 Höfundur: ST
 Síðast vísiað: 12.3.2020
 Síðast útgefið: 17.3.2020
 Skrá: Rannsóknarleyfi_hvalfjordur.mxd

Brekkubóði



Orkustofnun,
b.t. Kristjáns Geirssonar, verkefnisstjóra
Orkugarði, Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2020

Efni: Umsókn um endurnýjun leyfis til nýtingar malarefnis af hafsbotni í Brekkuboða í Hvalfirði samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

I. Inngangur

Björgun ehf. kt. 460169-7399 („**Björgun**“) sækir hér með um leyfi til áframhaldandi nýtingar á malarefni af hafsbotni við Brekkuboða í Hvalfirði.

II.

Forsaga leyfisumsókna Björgunar í Hvalfirði

Björgun hefur unnið að nýtingu malarefnis úr sjó um áratugaskeið, einkum í Faxaflóa, Kollafirði og í Hvalfirði. Fyrirtækið hefur um árabil verið langstærsti framleiðandi fylliefna í steypu á höfuðborgarsvæðinu og að sama skapi verið umsvifamikill framleiðandi á fylliefnum í malbik. Starfsemi Björgunar hefur til þessa verið gerð út frá Sævarhöfða í Reykjavík en fyrirhugað er að fyrirtækið flytji starfsemina í Álfsnesvík í samræmi við samkomulag sem Björgun gerði við Reykjavíkurborg 3. júní 2019.

Árið 2008 var unnið umhverfismat vegna efnistöku Björgunar í Hvalfirði og því liggur fyrir matsskýrsla frá janúar 2009 og álit Skipulagsstofnunar þar að lútandi frá 25. febrúar 2009. Í umhverfismatinu var fjallað um sex námur í Hvalfirði, nánar tiltekið Brekkuboða, Laufagrunn, Kiðafell, Eyri, Hálsnes og Hrafneyri. Með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismatsins sótti Björgun um leyfi til efnistöku í öllum sex námunum árið 2009. Orkustofnun taldi hins vegar ekki ástæðu til að leyfa töku efnis nema úr námum á Brekkuboða, Kiðafelli og Laufagrunni. Leyfi voru gefin út í þessum þremur námum þann 29. júlí 2009 með tíu ára gildistíma.

Þann 16. janúar 2019, hálfu ári áður en leyfin áttu að renna út, sótti Björgun um ný leyfi til efnistöku í þessum sömu þremur námum, þ.e. á Brekkuboða, Kiðafelli og Laufagrunni í Hvalfirði. Það verður að teljast eðlilegur fyrirvari m.t.t. þess að Orkustofnun þarf m.a. að senda umsóknir í lögbundið umsagnarferli sem getur tekið nokkrar vikur. Að auki var sótt um leyfi til efnistöku í Hrafneyrarnámu, Hvalfirði, sem kom einnig til skoðunar í framangreindu umhverfismati. Leyfisumsóknirnar voru því allar í samræmi við matsskýrsluna frá 2009 vegna efnistöku í Hvalfirði.

Orkustofnun staðfesti móttöku umsóknanna þann 21. janúar 2019. Í kjölfar yfirferðar á umsóknum Björgunar óskaði stofnunin eftir frekari upplýsingum og skýringum frá fyrirtækinu. Með hliðsjón af ábendingum Orkustofnunar skilaði Björgun inn uppfærðum umsóknum 24. júní 2019. Breytingarnar lutu annars vegar að efnistökmagni og hins vegar að stærð og legu

efnistökusvæðis. Tilgangurinn var m.a. að uppfæra umsóknirnar betur til samræmis við fyrirliggjandi umhverfismat. Þegar Björgun sendi hinar uppfærðu umsóknir til Orkustofnunar var fyrirséð að stofnunin gæti ekki afgreitt þær fyrr en eftir að leyfin frá 2009 rynnu út. Björgun óskaði því eftir framlengingu á gildandi leyfum til eins árs með óbreyttum forsendum og skilmálum, s.s. miðað við svæði, námumörk og efnismagn. Þann 30. september 2019 féllst Orkustofnun á beiðni Björgunar og framlengdi leyfin frá 2009 með óbreyttum skilmálum um eitt ár, þ.e. til 29. júlí 2020, á meðan unnið yrði að afgreiðslu hinna nýju umsókna.

Orkustofnun hefur nú haft umsóknir Björgunar um ný leyfi til efnistöku í Hvalfirði til umfjöllunar í tæplega 14 mánuði og umsóknirnar hafa ekki enn verið sendar í lögbundið umsagnarferli. Því skal haldið til haga að Björgun hefur ítrekað óskað eftir því að Orkustofnun hraði afgreiðslu á leyfisumsóknunum og meðal annars vísað til málshraðareglu stjórnisýsluréttarins sem birtist m.a. í 1. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, þar sem segir að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er.

Tekið skal fram að samskipti Björgunar og Orkustofnunar eru nú með miklum ágætum. Þann 10. mars sl. barst loks erindi frá Orkustofnun þar sem fram kemur að stofnunin hafi lokið yfirferð á umsóknum Björgunar vegna efnistöku í Hvalfirði. Í erindi sínu gerir Orkustofnun nokkrar athugasemdir við framsetningu og efnistöku umsóknarinnar sem stofnunin telur að bæta þurfi úr. Í samráði við Orkustofnun var ákveðið að Björgun myndi senda inn nýjar umsóknir, einkum til hægðarauka fyrir umsagnaraðila. Þó ber að hafa hugfast að hinar upphaflegu umsóknir eru frá 16. janúar 2019 og afgreiðslutími Orkustofnunar tekur áfram mið af þeirri dagsetningu. Við uppfærslu umsókna hefur Björgun notið ráðgjafar frá LEX lögmannsstofu og Mannviti verkfræðistofu.

III.

Lýsing á námusvæðinu við Brekkuboða

1. Lýsing á efnistöku samkvæmt núgildandi leyfi

Björgun hefur unnið efni úr námunni við Brekkuboða frá árinu 1991. Núverandi flatarmál gryfjunnar er um 5 hektarar (ha). Heildarflatarmál námunnar er talið vera um 28 ha. Náman liggur á rúmlega 20 metra (m) dýpi og er dýpt núverandi gryfju um 5 m sem samsvarar þykkt malarlagsins. Næsta fasta land er sker í um 800 m fjarlægð, en fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði er um 1.350 m. Gerð efnis í þessari námu flokkast sem möl og sandur.

Í matsskýrslunni frá 2009 var þess getið að vinnanlegt magn úr námunni væri talið 1.200.000 m³ og var þá tekið mið af framangreindri 28 ha stærðarafmörkun. Á þeim grundvelli veitti Orkustofnun leyfi til töku á 1.000.000 m³ af efni úr námunni á leyfistímabilinu 2009-2019.

Á tímabilinu frá 2009 til október 2018 nam heildarefnistakan þó ekki nema um 81.600 m³ sem er mun minna en leyfin gerðu ráð fyrir. Nær ekkert hefur verið unnið úr námunni frá október 2018 þó svo leyfi Björgunar til efnistöku hafi verið framlengd fram á sumarið 2020. Því má ætla að umtalsvert magn af lausu efni sé til staðar í námunni.

2. Lýsing á efnistöku samkvæmt umsókn um endurnýjað leyfi

Björgun óskar eftir því að haga fyrirhugaðri efnistöku innan núverandi 28 ha leyfismarka sem fjallað er um í fyrirliggjandi matsskýrslu um efnistöku í Hvalfirði frá árinu 2009.

Sótt er um efnistöku á allt að 918.400 m³ úr Brekkuboðanámu, sem er jafnframt vel innan þeirra marka sem fjallað var um í matsskýrslu og leyfi Orkustofnunar frá 2009 gerðu ráð fyrir. Sem fyrr segir kveður leyfið frá 2009 á um efnistöku á 1.000.000 m³ af efni úr Brekkuboðanámu en

heildarefnistaka á leyfistímabilinu nam aðeins 81.600 m³ (1.000.000 m³ – 81.600 m³ = 918.400 m³).

IV. Umsókn um áframhaldandi nýtingarleyfi

Með vísan til framangreinds sækir Björgun hér með um leyfi til áframhaldandi nýtingar á malarefni af hafsbotni við Brekkuboða í Hvalfirði. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir námunni í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar vegna umsókna samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum þjóðarinnar, og að teknu tilliti til erindis Orkustofnunar frá 10. mars sl.

1. Tegund leyfis

Sótt er um leyfi til nýtingar á 918.400 m³ af malarefni í sömu námu og nógildandi leyfi kveður á um við Brekkuboða í Hvalfirði. Efnismagnið er það sama og miðað er við í nógildandi leyfi að frádreginni nýtingu á tímabilinu 2009 til október 2018.

2. Gerð auðlindar sem á að vinna


Um er að ræða malarefni, mól og sandur, á sjávarbotni.

3. Tilgangur framkvæmdar

Tilgangur Björgunar með nýtingu námunnar er fyrst og fremst að anna eftirspurn eftir malarefni til ýmissa fyllingarverkefna og afla hráefnis til vinnslu á fylliefnum í steypu og malbiki.

4. Hnitmörk vinnsluvæðis

Björgun óskar eftir því að halda áfram nýtingu á malarefni í Brekkuboðanámu samkvæmt afmörkun á neðangreindu korti og hnitatöflu, sjá einnig fylgiskjal nr. 1:



	X	Y
A	359370,9	422820,3
B	359730,3	422806,9
C	360048,4	422724,5
D	360026,7	422572,6
E	359680,8	422303,7
F	359362,9	422295,4

5. Hvenær starfsemi hefst og hvenær skal henni lokið

Sú náma sem óskað er eftir nýtingarleyfi fyrir er náma sem er nú þegar með leyfi og hefur verið nýtt um árabíl. Óskað er eftir að nýting efnis á hafsbotni í Brekkuboða í Hvalfirði haldi áfram eins og verið hefur um leið og leyfi liggur fyrir.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990 má gildistími leyfis ekki vera langri en 30 ár. Björgun óskar því aðallega eftir leyfi með 30 ára gildistíma frá útgáfudegi. Til vara er þess óskað að leyfið gildi í 20 ár frá útgáfudegi líkt og óskað var eftir í upphaflegri umsókn frá 16. janúar 2019.

6. Fyrirhuguð not

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að efni úr námunni verði nýtt til framleiðslu fylliefna í steypu og malbik og til annarrar mannvirkjagerðar.

7. Áætlað efnismagn

Sótt er um leyfi til nýtingar á allt að 918.400 m³.

8. Öryggis- og umhverfisráðstafanir, eins og við á

Í starfsemi Björgunar er leitast við að fylgja öllum gildandi reglum um ráðstafanir vegna öryggis og umhverfis.

Björgun væntir þess að Orkustofnun hraði afgreiðslu umsóknarinnar eftir föngum með hliðsjón af málshraðareglu stjórnisýsluréttarins, ekki síst að teknu tilliti til þeirra tafa sem orðið hafa á málsmeðferðinni nú þegar. Hafa ber í huga að leyfi til efnistöku eru ein helsta forsenda fyrir starfsemi Björgunar og því eru um afar mikilvæga hagsmuni að ræða fyrir félagið. Þá er vert að hafa í huga að á næstu misserum verður farið í margar stórar framkvæmdir á suðvesturhorni landsins og þar helst að nefna byggingu nýs Landspítala, sem verður ein stærsta framkvæmd í Reykjavík frá upphafi. Ákjósanlegast er að sækja efni til slíkrar framkvæmdar úr sjó, t.a.m. vegna steypuvinnslu, og þar munar miklu um starfsemi Björgunar, einkum í Kollafirði en einnig í Hvalfirði. Að öðrum kosti þarf að sækja efni á landi með tilheyrandi jarðraski og álagi á vegakerfið sem hefur í för með sér mun stærra kolefnisspor en efnistaka Björgunar. Annar kostur væri að flytja efni inn frá útlöndum, t.d. Noregi, sem bæði felur í sér kostnaðarauka og mun stærra kolefnisspor. Björgun telur óhætt að fullyrða að efnistaka úr sjó sé mun umhverfisvænni, öruggari og hagkvæmari kostur en aðrir valkostir. Að þessu sögðu má færa rök fyrir því að áframhaldandi og hnökralaus starfsemi Björgunar sé brýnt þjóðhagslegt hagsmunamál.

Að lokum er biðlað til umsagnaraðila að afgreiða umsagnir innan lögboðins frests.

Björgun er fús til að veita frekari upplýsingar ef þörf krefur og funda með Orkustofnun eða öðrum hlutaðeigandi aðilum verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Björgunar ehf. / Guðjóns Ármannssonar, lögmanns




Hjalti Geir Erlendsson, lögmaður

Fylgiskjöl:

- Nr. 1: Kort með hnitsettum mörkum vinnslusvæðis sem sótt er um. Á kortinu eru einnig útskýringar þar sem núgildandi leyfi er sýnt ásamt þeim mörkum sem skoðuð voru í mati á umhverfisáhrifum verkefnisins.
- Nr. 2: Kornakúrfur úr námunni.
- Nr. 3: Berggreining úr námunni.


Einnig er vísað til matsskýrslu vegna efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði frá janúar 2009 og álits Skipulagsstofnunar þar að lútandi, sem finna má á vefsíðu Skipulagsstofnunar.



Brekkuboði




Heimildir: IS50v, Samsyn, LHG, 2018
 Hnitakerfi: ISN93
 Verknúmer: 7.120.327
 Höfundur: ST
 Síðast vistað: 14.5.2019
 Síðast útféð: 11.3.2020
 Skrá: Rannsóknarlevfi_hvalfjorður.mxd



28 ha


Núverandi leyfi
 Ósk um endurnýjun leyfis
 Dýptarlínur

	X	Y
A	359370,9	422820,4
B	359730,3	422806,9
C	360048,4	422724,5
D	360026,7	422572,6
E	359680,8	422303,7
F	359362,9	422295,4



Fylgiskjal 2

Sáldurferlar

Dags: 13.01.2009	Prófunarskýrsla Kornastærðargreining	
Verk-ranns.nr.: 7 010 545-01		
Frankvæmd SÁ/BÓS		

Verkkaupi:	Björgun hf
	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Fulltrúi verkkaupa:	Guðmundur Símonarson
Upplýsingar um sýni:	
Verk:	
Sýni nr. / staðsetning:	Brekkuboðanáma: A / X: 359517; Y: 422444
Sýnataka:	Aðsent sýni, móttakið 7.1.2009
Stærð sýnis (þurr heildarmassi):	19 876 g

Efniseiginleikar	Rakainnihald ÍST EN 1097-5									
Heildarefni	7,9 %									


Kornastærðardreifing efnis

Purrsigtun: ÍST EN 933-1

Möskvastærð (mm)	0,063	0,125	0,250	0,500	1,0	2,0	4,0	8,0	11,2	16,0	22,4	31,5	63,0	125,0
Sáldur (%)	0,2	1	3	7	17	29	42	58	67	77	84	90	100	

Vogir notaðar: 1.2.5: OHAUS rafcindavog, mælisvið 0-4 kg og 1.2.6: Rafcindavog 0-150 kg

Nákvæmni: 1.2.5: 0,01 g fyrir < 799 g og 0,1 g fyrir > 800 g; 1.2.6: 2 g




Athugasemdir:

Með kveðju

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir
verkfræðingur



Dags: 13.01.2009	Prófunarskýrsla Kornastærðargreining	
Verk-ranns.nr.: 7 010 545-01		
Framkvæmd SÁ/BÓS		


Verkkaupi:	Björgun hf
	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Fulltrúi verkkaupa:	Guðmundur Símonarson
Upplýsingar um sýni:	
Verk:	
Sýni nr. / staðsetning:	Brekkuboði, B / X: 359624; Y: 422678
Sýnataka:	Aðsent sýni, móttekið 7.1.2009
Stærð sýnis (þurr heildarmassi):	8 162 g

Efniseiginleikar	Rakainnihald ÍST EN 1097-5													
Hcildarfní	13,2 %													

Kornastærðardreifing efnis
Þurrsigtun: ÍST EN 933-1


Möskvastærð (mm)	0,063	0,125	0,250	0,500	1,0	2,0	4,0	8,0	11,2	16,0	22,4	31,5	63,0	125,0
Sáldur (%)	0,0	1	5	13	28	44	60	77	86	92	97	98	100	

Vogir notaðar: 1.2.5: OHAUS rafeindavog, mælisvið 0-4 kg og 1.2.6: Rafeindavog 0-150 kg
Nákvæmni: 1.2.5: 0,01 g fyrir < 799 g og 0,1 g fyrir > 800 g; 1.2.6: 2 g



Með kveðju

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir
verkfræðingur

Dags:	13.01.2009	Prófunarskýrsla Kornastærðargreining	 MANNVIT VERKFRÆÐINGUR
Verk-ranns.nr.:	7 010 545-01		
Frankvæmd	SÁ/BÓS		


Verkkaupi:	Björgun hf
	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Fulltrúi verkkaupa:	Guðmundur Simonarson
Upplýsingar um sýni:	
Verk:	
Sýni nr. / staðsetning:	Brekkuboðanáma; C / X: 359918; Y: 422667
Sýnataka:	Aðsent sýni, móttekið 7.1.2009
Stærð sýnis (þurr heildarmassi):	6 768 g

Efnisciginleikar	Rakainnihald ÍST EN 1097-5													
Heildarfni	9,4 %													

Kornastærðadreifing efnis
Þurrsigtun: ÍST EN 933-1


Möskvastærð (mm)	0,063	0,125	0,250	0,500	1,0	2,0	4,0	8,0	11,2	16,0	22,4	31,5	63,0	125,0
Sáldur (%)	0,0	0	1	2	10	23	42	65	76	88	95	99	100	

Vogir notaðar: 1.2.5: OHAUS rafcindavog, mælisvið 0-4 kg og 1.2.6: Rafcindavog 0-150 kg
Nákvæmni: 1.2.5: 0,01 g fyrir < 799 g og 0,1 g fyrir > 800 g; 1.2.6: 2 g



Með kveðju

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir
verkfræðingur



Fylgiskjal 3

Berggreiningar

Dagsetning :	18.01.2009	PRÓFUNARSKÝRSLA BERGGREINING	
Verk-ranns.nr.:	7 010 545-01		
Greining :	HHA		

Verkkaupi :	Björgun hf
Heimilisfang:	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Fulltrúi verkkaupa :	Guðmundur Símonarson
Sýni nr. / sýnataka:	A / Aðsent sýni, mótttekið 07.01.09
Náma / Staðsetning :	Brekkuboði X:359517 Y:422444

Staðall / Aðferð:	ÍST EN 932-3 / Rb57 / ASTM C 295
Kornastærð greind:	8-16 mm

BERGGERÐ:		
Fjöldi korna	Hlutfall [%]	Lýsing (Bergtegund-ummyndunarstig-þéttleiki-annað)
52	24,4	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
7	3,3	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, Blöðrótt
75	35,2	Basalt, ummyndað, þétt
12	5,6	Basalt, ummyndað, Blöðrótt
35	16,4	Basalt, mjög ummyndað, þétt
5	2,3	Basalt, mjög ummyndað, Blöðrótt
6	2,8	Basaltgler, mjög ummyndað, þétt
1	0,5	Setberg
5	2,3	Líparít, ummyndað, þétt
1	0,5	Líparít, ummyndað, blöðrótt
4	1,9	Líparít, mjög ummyndað, þétt
3	1,4	Holufyllingar/ummyndunarsteindir
6	2,8	Skeljabrot
1	0,5	Basaltgjall
Alls :	213	100,0

LÖGUN:	Form (kýlni) :	Flest kúbísk, talsvert af flötum
	Ávali :	Núin
	Áferð :	Slétt

TÆKNILEG ATRIDI:	Hreinleiki korna :	_____
------------------	--------------------	-------

ATHUGASEMDIR:	_____



Dagsetning :	15.01.2009	PRÓFUNARSKÝRSLA BERGGREINING	
Verk-ranns.nr.:	7 010 545-01		
Greining :	HHA		

Verkkaupi :	Björgun hf
Heimilisfang:	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Fulltrúi verkkaupa :	Guðmundur Símonarson
Sýni nr. / sýnataka:	B / Aðsent sýni, mótttekið 07.01.09
Náma / Staðsetning :	Brekkuboði X:359624 Y:422678

Staðall / Aðferð:	ÍST EN 932-3 / Rb57 / ASTM C 295
Kornastærð greind:	4-8 mm

BERGGERÐ:

Fjöldi korna	Hlutfall [%]	Lýsing (Bergtegund-ummyndunarstig-þéttleiki-annað)
33	15,3	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
11	5,1	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, Blöðrótt
68	31,6	Basalt, ummyndað, þétt
13	6,0	Basalt, ummyndað, Blöðrótt
42	19,5	Basalt, mjög ummyndað, þétt
8	3,7	Basalt, mjög ummyndað, Blöðrótt
2	0,9	Basaltgler, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
4	1,9	Basaltgler, mjög ummyndað, þétt
1	0,5	Setberg
2	0,9	Líparít, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
1	0,5	Líparít, ummyndað, þétt
4	1,9	Líparít, mjög ummyndað, þétt
25	11,6	Skeljabrot
1	0,5	Basaltgjall, ummyndað
Alls :	215	100,0

LÖGUN:

Form (kýlni) :	Flest kúbísk
Ávali :	Núin
Áferð :	Slétt

TÆKNILEG ATRIÐI:

Hreinleiki korna : _____

ATHUGASEMDIR:

Dagsetning :	19.01.2009	PRÓFUNARSKÝRSLA BERGGREINING	
Verk-ranns.nr.:	7 010 545-01		
Greining :	HHA		

Verkkaupi :	Björgun hf
Heimilisfang:	Sævarhöfða 33 112 Reykjavík
Fulltrúi verkkaupa :	Guðmundur Símonarson
Sýni nr. / sýnataka:	C / Aðsent sýni, móttakið 07.01.09
Náma / Staðsetning :	Brekkuboði X:359918 Y:422667

Staðall / Aðferð:	ÍST EN 932-3 / Rb57 / ASTM C 295
Kornastærð greind:	4-8 mm

BERGGERÐ:

Fjöldi korna	Hlutfall [%]	Lýsing (Bergtegund-ummyndunarstig-þéttleiki-annað)
15	7,1	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
4	1,9	Basalt, ferskt eða lítillega ummyndað, Blöðrótt
56	26,5	Basalt, ummyndað, þétt
8	3,8	Basalt, ummyndað, Blöðrótt
61	28,9	Basalt, mjög ummyndað, þétt
15	7,1	Basalt, mjög ummyndað, Blöðrótt
1	0,5	Basaltgler, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
3	1,4	Basaltgler, ummyndað, þétt
15	7,1	Basaltgler, mjög ummyndað, þétt
2	0,9	Basaltgler, mjög ummyndað, blöðrótt
1	0,5	Setberg
1	0,5	Líparít, ferskt eða lítillega ummyndað, þétt
2	0,9	Líparít, ummyndað, þétt
1	0,5	Líparít, ummyndað, blöðrótt
5	2,4	Líparít, mjög ummyndað, þétt
2	0,9	Holufyllingar/ummyndunarsteindir
17	8,1	Skeljabrot
2	0,9	Basaltgjall

Alls : 211 100,0

LÖGUN:

Form (kylni) :	Flest kúbísk, mörg ilöng
Ávali :	Núin
Áferð :	Slétt

TÆKNILEG ATRÍÐI:

Hreinleiki korna : _____

ATHUGASEMDIR:





Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. apríl 2020
Tilvísun: 2020040018/25.24

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um umsóknir Björgunar um leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netlaga við Brekkuboða, Kiðafell og Laufagrunn í Hvalfirði

Vísað er til bréfa Orkustofnunar dags. 30. mars 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um umsóknir Björgunar um leyfi til efnistöku af hafsbotni utan netlaga við Brekkuboða, Kiðafell og Laufagrunn í Hvalfirði. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja.


Vísað er einnig til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. maí 2009 þar sem fjallað var um fyrri leyfisveitingu. Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er veiting leyfis til 30 ára of langur tími þar sem engar rannsóknir á áhrifum á lífríki og strandrofi hafa farið fram þrátt fyrir þau skilyrði sem Skipulagsstofnun setti fram í álitinu sínu dags. 25. febrúar 2009. Í því álitinu um mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Hvalfirði kom fram að binda ætti leyfisveitingu m.a. þeim skilyrðum að gera rannsókn á lífríki við efnistökusvæði sem miðaði að því að skýra gildi þeirra fyrir fiskgengd og fiskaungviði og einnig að fram færi reglubundin vöktun á landbroti við Laufagrunn, Kiðafell, Eyri og Hálsnes og niðurstöður kynntar landeigendum. Í bréfi Orkustofnunar til Björgunar dags. 29. júlí 2009 hafnaði Orkustofnun því að binda þyrfti leyfi Björgunar þessum skilyrðum. Að mati HER er það ekki ásættanlegt. HER telur að það sé skilyrði fyrir leyfisveitingu að vöktun á bæði lífríki og landbroti fari fram þegar um svo umfangsmiklar framkvæmdir er að ræða. Þrátt fyrir áratuga malarnám á svæðinu hefur slík vöktun ekki farið fram.

Hér er um að ræða afar umfangsmiklar framkvæmdir sem geta rekist á hagsmuni borgarinnar og valdið frekari áhrifum á bæði á landi og sjó sem erfitt getur reynst að meta vegna skorts á upplýsingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur því að við veitingu nýtingarleyfis skuli takmarka eins og unnt er þau svæði sem nýta á sbr. framkomnar athugasemdir.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:

Umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs dags. 22. maí 2009 um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni á sex svæðum í Hvalfirði á tímabilinu 2009-2019.



Orkustofnun
b.t. Bryndísar Róbertsdóttur
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí 2009
Tilvísun: 2009020397/23.12

Efni: Umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni á sex svæðum í Hvalfirði á tímabilinu 2009-2019

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar vísar til bréfs Orkustofnunar dags. 11. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um nýtingarleyfi fyrir Björgun ehf. til töku efnis af hafsbotni á 6 svæðum í Hvalfirði á tímabilinu 2009-2019.

Umhverfis- og samgöngusvið hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja. Óskað er eftir í erindinu að fjallað sé um hverja námu fyrir sig í umsögn en Umhverfis- og samgöngusvið telur betra að taka námurnar fyrir í heild sinni og gera sérstakar athugasemdir við ákveðnar námur ef þörf er á.

Að mati Umhverfis- og samgöngusviðs er veiting leyfis til 10 ára of langur tími. Í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Hvalfirði kemur fram að binda eigi leyfisveitingu m.a. þeim skilyrðum að gera þurfi rannsókn á lífríki við efnistökusvæði sem miði að því að skýra gildi þeirra fyrir fiskgengd og fiskaungviði og einnig að fara skuli fram reglubundin vöktun á landbroti við Laufagrunn, Kiðafell, Eyri og Hálsnes og niðurstöður skuli kynna landeigendum. Eðlilegt er að veita leyfi til styttri tíma og ákvarða frekar leyfisveitingu á grundvelli niðurstaðna rannsókna á lífríki og vöktun á landbroti. Í umsókn Björgunar ehf. til Orkustofnunar um leyfi til efnistöku í Hvalfirði kemur fram að fyrirtækið telji ekki þörf á vöktun strandsvæða. Umhverfis- og samgöngusvið telur það algert skilyrði fyrir leyfisveitingu að slík vöktun fari fram enda hafa landeigendur á svæðinu lagt á það ríka áherslu í ljósi þeirra áhrifa sem þeir telja undanegna efnistöku hafa haft á strandsvæði.

Þá telur Umhverfis- og samgöngusvið að í ljósi þess hve lítið liggur fyrir um áhrif efnistökuar á lífríki og landbrot á strandsvæðum beri að vera í lágmark 1 km fjarlægð frá landi, sbr. álit Skipulagsstofnunar um að efnistöku í ákveðnum námum (Laufagrunni, Kiðafelli, Eyri og Hálsnesi) verði sem næst útmörkum þessara efnistökusvæða. Umhverfis- og samgöngusvið telur þessa kröfu eiga að gilda fyrir öll sex efnistökusvæðin. Aðstæður í firði eru annarskonar en á opnara hafsvæði eins og Kollafirði og því þörf á enn meiri varúð við efnistöku.

Þá skal einnig binda leyfisveitingu þeim skilyrðum sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar um að dæling af botni verði takmörkuð við holudælingu, ekki yfirborðsdælingu, til að minnka áhrif á lífríki. Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi skorts á fullnægjandi upplýsingum um lífríki.

Loks telur Umhverfis- og samgöngusvið álitamál hvort þörf sé á að veita nýtingarleyfi á öllum sex svæðunum að svo stöddu, hvort raun efnisþörf sé það mikil. Takmarka mætti efnismagn sem taka mætti úr hverri námu fyrir sig, a.m.k. þar til niðurstöður rannsókna og vöktunar liggja fyrir.



Hér er um að ræða afar umfangsmiklar framkvæmdir sem geta rekist á hagsmuni borgarinnar og valdið frekari áhrifum á bæði á landi og sjó sem erfitt getur reynst að meta vegna skorts á upplýsingum. Umhverfis- og samgöngusvið telur því að við veitingu nýtingarleyfis skuli takmarka eins og unnt er þau svæði sem nýta á sbr. framkomnar athugasemdir.

Virðingarfyllt
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi